

Hildur Edwald, skjalaritari  
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 28.11.2016

**Umsögn um frumvarp til laga og meðfylgjandi greinargerð um breytingu á lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 44/2014 (þingskjal 347 – 299. mál)**

Með þessari breytingatillögu er tilgangurinn að Vísindasiðanefnd hafi heimild til gjaldtöku til að standa undir kostnaði við mati á umsóknum til að hefja eða breyta vísindarannsóknum á heilbrigðissviði.

Undirritaður vill fyrir hönd Össurar koma eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið og greinargerðina á framfæri.

- 1) Almennt mælir Össur gegn því að þessi gjaldtaka sé tekin upp þar sem fjármagn til rannsókna er þegar tamarkað, einkum á því stigi þegar verið er að gera frumrannsóknir og fýsileikarannsóknir til undirbúnings frekari fjármögnun. Síkar rannsóknir eru oft á vegum einyrkja og/eða frumkvöðlafyrirtækja (e. startups) sem þegar eru of-skattlögð m.t.t. fjárhaslegrar stöðu. Þessar frumrannsóknir eru hins vegar oft forsenda þess að af stærri og umfangsmeiri rannsóknum verði sem geta skilað þjóðhagslegum verðmætum á formi erlendra rannsóknastyrkja, lækningatækja, prófa, lyfja eða meðferðarúræða.

Ljóst er að þessi gjaldtaka mun virkja letjandi en aldrei hvetjandi þegar kemur að framkvæmd vísindarannsókna og þar með á nýsköpun.

- 2) Orðalag m.t.t. þess undir hvaða kostnaði gjaldtakan á að standa er óljóst og opið til túlkunar og þar með síðari útvíkkunar/hækkunar. Tilgreint er að gjaldið skuli „*ekki vera hærra en raunkostnaður vegna þjónustunnar*“, sem má skiljast sem svo að það megi/geti staðið undir öllum kosntaði nefndarinnar vegna umsóknar, en ekki einugis kostnaði vegna þóknunnar nefndarmanna, enda er því einungis „*ætlað*“ (= áætlað?) að standa undir þóknun þeirra um leið og ljóst er að „*raunkostnaður*“ er meiri en bara kostnaður vegna þóknunar nefndarmanna. Hér er því einfaldast og skýrara að segja að það skuli alrei vera hærra heldur en kostnaður af þóknun til nefndarmanna ef það er hinn raunverulegi tilgangur.

Í samræmi við ótta undirritaðs um að gjaldið kunni að hækka þá segir jafnframt í 5. gr. greinargerðarinnar sem fylgir frumvarpinu:

- a. Að gjaldið sé í samræmi við framkvæmd í nágrannalöndunum, en ekki gerð grein fyrir því hvort í þeim löndum sé einungs rúkkad fyrir kostnað vegna vinnu nefndarmanna.
- b. Gjöldin verði endurkoðuð innan tveggja ára??
- c. Þjónustugjöldin alfarið til ráðstöfunar hjá nefndinni: Þýðir það að nefndin getur notað þau til að mæta hvaða kostnaði sem er?
- d. Gjaldtakan er áætluð að verða einungis 3-6 milljónir á ári þegar frá líður, sem hljómar sem mjög lág upphæð, sem varla getur skiptir máli fyrir ríkið hvaðan kemur, þ.e. úr þess eigin vasa eða vasa rannsakenda, en vekur strax grun um að tilefni verði til að hana þurfi að hækka. Mörgum rannsakendum mun hinsvegar muna um það sem þeir þurfa að greiða.
- e. Ekki er ljóst hvað eftirfarandi þýðir (síðasta málsgrein 5.gr):

„Velferðarráðuneytið gerir ráð fyrir að í fjármálaáætlun 2020–2024 og í fjárlögum 2020 verði fjárveitingum innan ramma forgangsraðað með þeim hætti að útgjaldaheimild nefndarinnar hækki til samræmis við gjaldið sem innheimt verður samkvæmt frumvarpinu“.

Þýðir þetta að framlag ríkisins á hverjum tíma er óbreytt en gjaldið verði hækkað til að mæta auknum kostnaði? Í öllu falli ekki ljóst samkvæmt þessu orðalagi hvernig vaxandi kostnaði verði mætt en ljóst að honum má mæta með hækkingu gjaldsins.

3) Varðandi rök í inngangi greinargerðar fyrir gjaldinu, þ.e.

„Með vísan til framkvæmdar erlendis og mikilvægis þess að á Íslandi starfi öflug vísindasiðanefnd sem hefur burði til að takast á við þau verkefni sem henni eru falin samkvæmt lögum er hér lagt til að nefndinni verði veitt heimild til að taka þjónustugjald vegna umsókna um leyfi til að hefja eða breyta vísindarannsókn á heilbrigðissviði“


Þá er hér um rökleysu að ræða:

Fyrirkomulag annarra þjóða hefur ekkert vægi í þessu samhengi enda snýst þetta um það janvægi sem er milli skattlagningar og þjórartekna annars vegar og framlags viðkomandi ríkis til vísindarannsókna hins vegar og hvaða umgjörð hið opinbera vill búa vísindarannsóknnum. Í þessu samhengi er fróðlegt að skoða eftirfarandi samanburð sem gundvallaður er á ríkisframlagi til rannsókna á heilbrigðissviði fyrir Ísland annars vegar og Danmörku hins vegar (samkvæmt <https://stats.oecd.org/>):

	íbúar	GDP	eytt til heilbrigðisrannsókna	per íbúa	hlutfall af GDP
isl	341.000	\$27.000.000.000	\$3.138.000	\$9	0,01162%
dan	5.700.000	\$324.870.000.000	\$413.400.000	\$73	0,12725%

Þá er ljóst að „burðir“ eða styrkur vísindasiðanefndar (sbr. 2. gr. greinargerðarinnar) hefur ekkert með það að gera hvaðan peningarnir koma, né er það tryggt að hæfni og afköst hennar vaxi við aukna fjármuni. Vissulega þarf að tryggja fjármögnun nefndarinnar, en af ofantöldu eru þau rök ekki til staðar sem gefin eru í greinargerðinni fyrir gjaldtökunni.

Virðingarfyllt



Kristleifur Kristjánsson læknir

Lækningalegur framkvæmdastjóri Össurar